

L Ö G

10
29. maí

um

breytingar á og viðauka við lög nr. 7, 4. maí 1922 (Seðlaútgáfa.)

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Fyrir „1923“ í 1. gr. laganna komi: 1926.

Aftan við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Seðlar þeir, er gefnir verða út samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, skulu gjaldgengir í ríkissjóð og aðra almenna sjóði og eru manna milli löglegur gjalddeyrir með fullu ákvæðisverði. Landsstjórnin ákveður lögum og útlit seðlanna og upphæð þá, er hver einstakur seðill hljóðar um. Um seðla þessa gilda ákvæði 5. gr. laga nr. 14, 18. sept. 1885.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 29. maí 1925.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Þorláksson.